



Vesturlandsskógar

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2005
Fundargerðir stjórnarfunda ársins 2005
Ársreikningur 2005

Gert í janúar 2007.

S.Á.

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2004.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Veðurfar	3
Vöxtur og þrif trjágróðurs	3
Fjárveitingar	3
Stjórn Vesturlandsskóga	4
Samningar við bændur	7
Helstu framkvæmdir	7
Gróðursetning til fjölnytjaskóga	7
Skjólbeltarækt	8
Áburðargjöf	10
Jarðvinnsla	10
Kortlagning og áætlanagerð	11
Skráning gróðursetninga	11
Fyrirlestrar og námskeið, fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni	12
Grænni skógar á Vesturlandi	12
Heimasíða Vesturlandsskóga	14
Töflur:	15

Viðauki I :

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2004

Viðauki II:

Ársreikningur Vesturlandsskóga 2004

Inngangur.

Árið 2005 var sjötta starfsár Vesturlandsskóga. Vesturlandsskógar studdu sem áður við bakið á Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV) með því að standa fyrir útgáfu fréttabréfs félagsins. Komu út fjögur tölublöð af fréttabréfinu á árinu 2005.

Starfsmenn verkefnisins, auk Sigvalda, voru: Guðmundur Sigurðsson, sem starfaði allt árið og Sigurður Freyr Guðbrandsson, sem starfaði allt árið og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sem hóf reyndar töku fæðingarorlofs frá og með 21. júlí. Hún var í 80% starfi og sér m.a. um að halda utan um vefsíðu Vesturlandsskóga. Guðmundur Sigurðsson hefur sem fyrr séð um að stimpla fylgiskjöl bókhalds og fært sjóðsbók, en Fjársýsla ríkisins (áður Ríkisbókhald) færir bókhaldið að öðru leyti. Guðmundur hefur einnig séð að mestu um samskipti við bændur og verktaka vegna skjólbeltaræktar og verið ábyrgðarmaður fréttabréfsins. Auk þess hefur hann verið ritari á fundum stjórnar Vesturlandsskóga. Sigurður Freyr hefur haft gerð ræktunaráætlana, sem aðalviðfangsefni. Svæði Vesturlandsskóga skiptist þannig milli starfsmanna, að Guðmundur sinnir Snæfellsnesi og Mýrunum, Suður-Borgarfirði og Kjósasýslu. Sigríður Júlía Borgarfjarðarsýslu norðan Heiðar og Hvítársíðu. Sigurður Freyr sinnir Dölunum (Skógarströnd og Saurbær teljast þar með), auk Norðurárdals, Þverárhliðar og Stafholtstungna.

Veðurfar.

Árið 2005 viðraði í stórum dráttum þokkalega til skógræktar. Veturinn frá áramótum var óvenju hlýr og snjóléttur á Vesturlandi. Var jörð klaklaus lungan úr vetrinum. Einkum var marsmánuður hlýr, t.d. 3,1 °C yfir meðallagi í Reykjavík. Apríl var hagstæður gróðri. Í maíbyrjun kom hið árvissa hret og skemmdist trjágróður nokkuð við það. Nokkurt tjón varð af hretinu, einkum sá á lerki, sem fór þó ekki eins illa og árið áður. Annars voru bæði maí og júní í þurrari kantinum og varð nokkur skaði af þurrkunum, einkum í skjólbeltaræktinni. Hefur það eflaust lagst á sömu vogarskálina, að þurrkurinn kom í kjölfar hretsins í maíbyrjun. Júlí var afbragðshlýr, 1,2 °C yfir meðallagi í Reykjavík, og þá kom líka langþráð væta, en hitinn í ágúst hékk í meðallagi. September var kaldur og sömuleiðis október, sem einnig var illviðrasamur. Trjáplöntur voru því í mörgum tilvikum illa búnar undir vetur. Þótt hitafar ársins hafi verið 0,75°C yfir meðaltali áranna 1961-2000, gerði maíhretið nægt strik í reikninginn, sem og kuldinn í september og október, svo árið í heild getur ekki hafa talist sérlega hagstætt skógarplöntum.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður fór misjafnlega illa út úr maíhretinu. Eitthvað var um að greniplöntur yrðu fyrir vorkali, en náðu sér samt flestar aftur á strik síðar um sumarið. Þegar áfall af þessu tagi gerist þrjú ár í röð, er hætt við að ungar plöntur, sem gróðursettar hafa verið í grasgefið land, verði fremur en ella undir í samkeppninni við grasið. Lítið bar á grenilús. Asparplöntur fóru undir vetur sérlega illa búnar, eftir hinn óvenjukalda september. Vöxtur stafafuru var mikill, en lerkið óx minna en oftast áður. Birkið slapp tiltölulega vel við hretið, en mikið bar á maðki ennþá einu sinni, bæði í birki og víði.

Fjárveitingar.

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu námu kr. 62 milljónum, sem er aukning um 7,3% frá árinu áður, þegar þær voru 57,8 milljónir króna, en samt nokkuð langt undir þeirri langtímaáætlun, sem alþingi samþykkti vorið 2003. Frá desember 2004 - desember 2005 hækkaði

launavísitalan um 7,2%, þannig að fjárveitingin stendur í raun í stað milli ára. Samanborið við upphæðina, sem ætluð var til verkefnisins á árinu 2004 skv. ályktun alþingis voru þetta mikil vonbrigði, enda í þeirri tillögu gert ráð fyrir 65 milljónum króna til Vesturlandsskóga á árinu 2005. Með verðtryggingu hefði þessi upphæð átta að vera kr. 69,6 milljónir. Þess vegna er fjárveitingin 12,2% lægri en ályktun alþingis frá vorinu 2003 gerði ráð fyrir. Það að alþingi skuli ekki standa við nýgerða langtímaáætlun sína eru sannarlega vonbrigði og veltir upp þeirri spurningu, hvort þar á bæ sé ætlast til þess, að samþykktir þingsins séu yfirhöfuð teknar alvarlega! Ljóst er, að ályktun frá alþingi dugar ekki til að ná því markmiði, að þeir sem stjórna skógræktarverkefnunum geti vitað nokkur ár fram í tímann, við hverju megi búast af hálfu fjárveitingavaldsins. Bindandi samningur, á borð við Búvörusamninga, milli Landshlutaverkefnanna (LHV) og/eða Landssamtaka Skógareigenda (LSE) annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar, er sá kostur, sem næst þyrfti að skoða. Auk þess er aðkallandi, að skógræktarverkefni fái markaða tekjustofna. Í því sambandi er nærliggjandi að skoða kolefnisgjald á jarðfnaeldsneyti og mengunargjald á álbræðslurnar. Þetta er eðlilegt að gera, vegna þess að um er að ræða mannleg umsvif, sem losa gróðurhúsalofttegundir, en eitt af meginhlutverkum skóganna í framtíðinni verður einmitt að binda koltvísýring og vinna með því gegn hlýnun andrúmsloftsins af mannavöldum. Án langtímasamninga um fjárveitingu er ekki hægt að ætlast til þess, að verkefni geti jafnan haldið sig innan fjárlagaramma, án þess að fleygja á stundum plöntum í stórum stíl. Þessu veldur, að framleiðsla plantna tekur sinn tíma og þurfum við því að panta plöntur með eins og hálf til tveggja og hálfis árs fyrirvara. Fjárlög eru hinsvegar samþykkt í desember fyrir árið á eftir, þ.e. með innan við eins árs fyrirvara.

Stjórn Vesturlandsskóga.

Stjórn Vesturlandsskóga hélt fjóra fundi á árinu 2005. Þá er ekki talinn með “fundur” sem fólst í því, að stjórn Vesturlandsskóga, stjórn og varastjórn FsV og starfsmenn Vesturlandsskóga skoðuðu skógrækt í Dalasýslu dagana 11. og 12. júlí. Stjórnin var eins skipuð og árið áður: Formaður er Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins; Hulda Guðmundsdóttir, tilnefnd af Félagi skógarbænda á Vesturlandi og Trausti Tryggvason, tilnefndur af skógræktarfélagunum á Vesturlandi.



Að Hvammi í Hvammsveit

Hér fer á eftir stutt lýsing á ferð stjórnar Vesturlandsskóga og stjórnar og varastjórnar FsV, ásamt starfsmönnum Vesturlandsskóga um Dalasýslu í júlí 2005:

Þátttakendur í ferðinni hittust að Breiðabólstað í Sökkólfsdal kl. 10:00 að morgni mánudagsins 11. júlí. Öll stjórn Vesturlandsskóga mætti á staðinn, og var Hrefna, kona Skúla, þar á meðal. Af starfsmönnum Vesturlandsskóga voru með í för þeir Guðmundur Sigurðsson, Sigurður Freyr Guðbrandsson og Sigvaldi Ásgeirsson. Sigríður Júlía var hins vegar komin í sumarfrí. Af hálfu stjórnar og varastjórnar FsV mættu: K.Hulda Guðmundsdóttir; Þórarinn Svavarsson og Hjördís, kona hans; Vífill Búason og Dúfa, kona hans; Jón Zimsen og Jóhanna kona hans, en Melkorka Benediktsdóttir og Sigurbjörn, bóndi hennar bættust í hópinn síðar. Litið var á girðingaframkvæmdir, sem friða fyrir sauðfjárbreit vænar spildur í hlífðunum beggja vegna Miðár. Frá Breiðabólstað var ekið að reit skógræktarfélagss Dalamanna í Grafarlandi, þar sem áð var og nokkurra áratuga gamall trjágróður skoðaður. Þar lifa nokkrar skógarfurur frá fyrstu árum gróðursetningar í reitinn og virðast búnar að hrista af sér lúsina. Annars virtust sitkagreni/bastarður og stafafura sýna bestu tilprifin á þessum stað. Girðingin var upprunalega sett upp árið 1954. Skógarfuran hefur trúlega verið sett þar fljótlega, en stafafuran mun síðara. Grenitegundirnar hafa vaxið hægt þarna, væntanlega fyrst og fremst vegna þess hve jarðvegur er magur.

Næst var haldið að Erpsstöðum og fyrstu gróðursetningarnar þar skoðaðar með leiðsögn heimafólks, þeirra Helgu og Þorgríms. Þessi fyrsta gróðursetning hefur heppnast misvel. Helsta ástæðan fyrir lélegum árangri sums staðar gæti verið sú, að framræslu er ábótavant á köflum. Næst var ekið að Hrútsstöðum. Þar var okkur boðið til stofu á heimili þeirra Bergþóru og Böðvars og bornar fyrir okkur léttar veitingar. Síðan var haldið upp í gróðursetningarlandið, sem er ofan þjóðvegur og árangur skoðaður. Lifun virðist þar dágóð, en þar sem skammt er um liðið síðan gróðursetning hófst, er ekki kominn mikill skriður á trjávöxt ennþá.

Nú var kominn hádegisverðartími, ekið sem leið liggur í Dalakjör í Búðardal og nærst á bragðgóðum steiktum fiski.

Að hádegisverði loknum var haldið að Hröðnýjarstöðum. Húsráðendur höfðu einmitt fengið hóp fólks í heimsókn um sama leyti og okkur bar að garði, svo við litum á skógræktina án þeirra. Nýgróðursetningar litu þarna ljómandi vel út, þótt of stuttur tími væri frá gróðursetningu til að vaxtargetan væri fyllilega komin í ljós.

Næsta stopp var hjá þeim Melkorku og Sigurbirni á Vígholtsstöðum. Þar var okkur boðið uppá kaffi og meðlæti. Síðan var farið út á skógræktarsvæðið og árangur skoðaður. Hann virðist vera vel viðunandi, en eins og annars staðar á bújörðum, sem hófu þá fyrst gróðursetningu eftir að Vesturlandsskógar voru stofnaðir árið 2000, er of stuttur tími um liðinn frá fyrstu gróðursetningu til að vöxtur sé kominn verulega af stað.

Að lokinni vel heppnaðri heimsókn til þeirra Melkorku og Sigurbjörns var haldið að Magnússkógum, þar sem Jóhanna Jóhannsdóttir og Guðbjörn Guðmundsson búa og hafa stundað skógrækt ásamt ættingjum Guðbjörns um nokkru lengri tíma en þeir skógarbændur, sem við höfðum heimsótt fyrr um daginn. Magnússkógar eru reyndar í Vesturlandsskógum og hefur talsvert verið gróðurett þar á undanförunum árum í samstarfi við Vesturlandsskóga. Árangur er kominn vel í ljós af elstu gróðursetningunum, þar sem stafafuran er farin að vaxa vel, en grenið síður, enda jarðvegur nokkuð rýr.

Nú var dagur að kveldi kominn og haldið í náttstað, sem var Laugar í Sælingsdal. Var snæddur kvöldverður að Laugum.

Þriðjudagur 12. júlí 2005.

Að loknum morgunverði var lagt af stað í rútu með nesti og nýja skó. Fyrsta stopp var í skógræktargirðingunni í Hvammi, sem girt var 1951. Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum (og í stjórn Vesturlandsskóga), sagði okkur frá reitnum. Sitkagrenið er þarna orðið afar vöxtulegt og sýnir það og sannar, að í Dölunum getur sú tegund náð dágóðum þroska, a.m.k. á góðum stöðum, svo sem í fjallshlíðum með frískum raka. Áfram var haldið út á Fellsströnd, efri leiðina. Á Fellsströnd kunna að vera hvað best skógræktarskilyrði í Dölunum.

Við gengum inní skóginn að Ytra-Felli, þar sem m.a. sitkagreni hefur náð góðum vexti á flatlendi, en í þokkalega frjósömum jarðvegi. Spildan að Ytra-Felli var girt af svo snemma sem 1941.

Áfram var haldið, heim að Ormsstöðum, þar sem skógrækt er stunduð í samstarfi við Vesturlandsskóga. Þangað sóttum við húsfreyjuna, Selmu Kjartansdóttur, sem fór með okkur út í Dagverðarnes, þar sem við áðum, átum nesti og skoðuðum kirkjuna, en Selma fræddi okkur um þennan merkilega stað, þangað sem menn sóttu m.a. messur út nálægum eyjum.

Þegar við höfðum skilað Selmu heim, var förinni haldið fram fyrir Klofning og ekið fram hjá Ballará og Reynikeldu og allar götur að Skarði, þar sem næst var gerður stans og hin merka kirkja skoðuð undir leiðsögn húsfreyjunnar í Skarði. Í Skarðskirkju getur að líta forlata altaristöflu í þrívídd úr alabastri, sem Ólöf ríka lét gera í útlöndum og hefur eflaust kostað til nokkrum jarðarverðum.

Frá Skarði var ekið að Búðardalsjörðunum með viðkomu á Klifmýri, þar sem dóttir bílstjórans okkar (og leiðsögumanns), Jóhanns Elíssonar, býr ásamt eiginmanni sínum myndarlegu fjárbúi með margt barna. Þar fengu konur úr ferðahópnum að komast á salerni. Í Búðardal gengum við áleiðis inná dalinn, svo ferðalangarnir gætu skyggst þangað og fengið hugmynd um, hversu mikið land að vöxtum og gæðum þar er um að ræða, en Benedikt Eyjólfsson hefur keypt Búðardalsjarðirnar og stendur til að stunda þar skógrækt, einkum í frjósömum fjallshlíðum, en hluti svæðisins er þó magurt land.

Frá Búðardal var haldið sem leið liggur í Ytri-Fagradal. Þótt Steinólfur bóndi væri ekki heima voru þar arftakar hans, Halla og Guðmundur, bóndi hennar. Við skoðuðum skjólbelti í Ytri-Fagradal, sem eru að komast á skrið. Einnig fiskeldi og fengum að handleika yrðlinga.

Ytri-Fagradalur var síðasti áfangastaður þessarar ferðar. Var nú haldið tilbaka á hótelið að Laugum, hvar menn tóku föggur sínar og kvöddust eftir vel heppnaða skoðunarferð, fróðari en áður um skógrækt Dalamanna.

Samningar við bændur.

Árið 2005 bættust við 13 þinglýstir samningar um fjölnytjaskógrækt. Í þremur tilvikanna var um að ræða endurskoðun á áður gerðum samningi Höfðu því í árslok 2005 samtals verið gerðir samningar við 98 bændur. Samningsbundið svæði var þá 8117 ha.

Á árinu bættust 7 jarðir við í hóp þeirra, sem undirritað hafa samning um skjólbeltarækt við Vesturlandsskóga. Í árslok höfðu því verið gerðir skjólbeltasamningar við 123 bændur á Vesturlandi.

Helstu framkvæmdir:

Gróðursetning til fjölnytjaskóga

Á árinu 2005 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga u.þ.b. 790.000 plöntur og stiklingar (settir voru um 35.800 stiklingar af alaskaösp og 5.000 stiklingar af víði). Þetta er 14% aukning milli ára, sem er allnokkuð miðað við það að fjárveitingar jukust aðeins um sem nemur hækkun kaupgjalds. Einnig var sett meira af skjólbeltum en árið áður eða 61,5 km og fóru í þessi og eldri skjólbelti samtals 66.960 plöntur og stiklingar í þau), sem er talsverð aukning frá fyrra ári, þegar settir voru 34 km af skjólbeltum. Eins og á fyrra ári dróst gróðursetning nokkuð fram eftir júlímánuði. Óvenjuhátt hlutfall var gróðursett síðsumars og um haustið, eins og fram kemur við samanburð á töflu I og töflu II. Plöntur, sem gróðursettar voru til nytjaskóga, greindust þannig milli tegunda:

Sitkabastarður:	55.740
Sitkagreni:	140.705
Stafafura:	220.320
Rússalerki:	214.972
Ilmbjörk:	77.580
Hengibjörk:	8.330
Alaskaösp:	51.359
Mýrarlerki:	1.880
Evrópulerki:	2.240
Blágreni:	4.400
Sitkaelri:	5.640
Selja:	410
Hreggsstaðavíðir:	1.100
Ýmsir víðiklónar:	5.000

Í töflum I og II, í lok skýrslunnar, má sjá, hvernig plönturnar skiptust niður á jarðirnar eftir tegundum í vor- og haustgróðursetningu.

Varðandi algengustu tegundirnar varð mest hlutfallsleg aukning í alaskaösp (20%), ilmbjörk (9%) og rússalerki (29%). Einnig jókst gróðursetning sitkagrenis mikið, en sú aukning varð að mestu á kostnað sitkabastarðs, en framleiðsla á bastarðinum misfórst verulega í einni gróðrarstöðinni.


Undanfarin ár hafa verið hlý, en þá hættir rússalerkinu til að lifna of snemma á vorin og verður svo fyrir skakkaföllum í vorhretum. Búast má við að lítillsháttar verði til af lerkiblandingi (japanslerki/evrópulerki/rússalerki) á árinu 2006 eða 2007. Blandingur þessi hefur lítilllega verið reyndur víða um land, þ.á.m. að Litlu-Fellsöxl í Skilmannahreppi, og alls staðar gefist mun betur en hreint rússalerki. Standa vonir til þess, að umtalsvert magn af fræi þessa blendingis verði til ráðstöfunar innan fimm ára. Sigvaldi safnaði í félagi við sjálfboðaliða frá Skógræktarfélagi Hafnfirðinga, bræðurna Gunnar og Árna Þórhallssyni og Þorkel Þorkelsson, umtalsverðu magni af lindifurufraei í Mörkinni á Hallormsstað í október. Var alls safnað 63 kg, sem ætti að duga til framleiðslu á allt að 60.000 plöntum, sem koma munu til afhendingar á árunum 2007 – 2009. Jafnframt söfnuðu félagarnir talsverðu af gráelrifraei á Hallormsstað, sem og fræi af fjallaþöllum. Einnig var safnað slatta af nokkrum öðrum tegundum, s.s. skógarfuru, rússalerki af annarri kynslóð, fjallaþini og síbiríuþini. Fjallaþöllum og lindifura ættu að nýtast til íbóta, þar sem þeirra er þörf, enda báðar tegundirnar tiltölulega skuggaþolnar. Gráelrið verður stærra tré en sitkaelrið og verður spennandi að reyna það á gróðursnaudu landi og meðfram lækjum.

Ekki er þörf á íbótum, nema töluverð brögð séu að afföllum.

Þótt spennandi gæti verið að reyna fleiri tegundir, er það stefna Vesturlandsskóga, að einbeita sér að færri tegundum, enda fást ódýrari plöntur, ef keyptar eru margar af sömu tegund.

Skjólbeltarækt

Segja má, að áhugi á skjólbeltarækt fari vaxandi á svæði Vesturlandsskóga. Árið 2005 var sett meira af skjólbeltum en nokkru sinni fyrr, eða 60 km. Lifun stiklinga og plantna í skjólbeltum árið 2005 var víða léleg sökum þurrka. Eins drapst talsvert af öspum og jafnvel víði í maíhretinu, enda farnar að lifna, þegar hretið skall á. Við fyrstu sýn gæti virst, sem erfitt gæti verið að bregðast við skaða af völdum þurrka, öðruvísi en að leggjast í rándýra vökvun, með haugsugu eða álíka aðgerðum. Aðrar leiðir eru þó til, mun hagkvæmari, sem Vesturlandsskógar hvetja bændur til að nota sér. Besta leiðin er að ljúka jarðvinnslu að hausti, þannig að ekki þurfi að tæta jarðveg að vori. Þá er frá upphafi hárpípuleiðni uppundir jarðvegsyfirborð (sem er þakið plasti, svo rakin gufar ekki upp, en dropar aftur niður úr plastdúknum). Þessi aðferð hefur skilað góðum árangri og skilið milli feigs og ófeigs í þurrkaárum.



Áburðargjöf (með tilbúnum áburði) er ekki ráðlögð, árið sem stiklingum og plöntum er stungið í skjólbelti. Búfjáráburður í flagið við jarðvinnsluna gerir líka dreifingu tilbúins áburðar óþarfa, þar til í fyrsta lagi tveimur til þremur árum eftir gróðursetningu.

Í Töflu III á öftustu síðu má sjá, hvernig skjólbeltaræktin skiptist milli jarða og tegunda trjáa og runna.

Flest skjólbelti, sem ræktuð hafa verið á Vesturlandi undanfarin ár, eru einnar raðar víðibelti. Mikilvægt er, að láta ekki staðar nema við svo búið, heldur bæta við fleiri röðum í skjóli hins uppvaxandi víðis, trjáröðum með ýmsum tegundum, m.a. tegundum, sem verða mun hávaxnari en víðirinn, svo sem alaskaösp, álmur, selja, reyniviður og gráelri, en runnategundum inni á milli, til að þetta lágskjólíð og skyggja út grasvöxt.

Áburðargjöf

Áburðargjöf var með hefðbundnum hætti. Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Var notaður áburður frá Yara, sem er að mestu leyti sambærilegur við "blákorn" frá Áburðarverksmiðjunni. Hins vegar var áburðurinn í bréfpokum, en það slapp til þetta skiptið vegna þurrkanna fram eftir sumri. Voru menn hvattir til að dreifa 10g kringum hverja plöntu - þó ekki þar sem handfleckjað var í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum. Einnig var drefit áburði á plöntur sem biðu gróðursetningar á dreifingarstöðvunum.

Jarðvinnsla

Vélflekkjarinn undirbjó 104,5 ha lands á 25 jörðum fyrir gróðursetningu á árinu 2005. Ekki vannst tími til að flekkja haustið 2004 til undirbúnings gróðursetningar á árinu 2005, þar sem frost hljóp venju fremur snemma í jörð. Því varð að flekkja vorið 2005 að þessu sinni. Þar eð jörð

Þiðnar fyrr í flekkjunum en á grónu landi og vegna tillits til fuglalífs verður þó áfram stefnt að haustflekkingu í framtíðinni. Á eftirtöldum jörðum var flekkjað árið 2005:

Jörð:	ha
Álfatraðir og Gautastaðir	10
Ásgarður	10
Birkihlíð	2
Breiðabólsstaður í Sökkólfsdal	17
Búðardalur I og II	4
Bær í Kjós	2
Deildartunga I	0,5
Einarsnes	1
Erpsstöðum	1
Hafnarsel	1
Horn á Kjalarnesi	1,5
Hrútsstaðir	6
Kárastaðir í Borgarbyggð	1
Kirkjuból í Hvítársíðu	2
Klettur í Reykholtssdal	2
Litli-Kroppur	17
Litla-Brekka	1
Lundur í Þverárhlíð	1
Rauðsgil í Hálsasveit	1,5
Steindórsstaðir í Reykholtssdal	1
Stóri-Ás í Hálsasveit	3
Svarfhóll í Miðdölum	2
Sveinatunga í Norðurárdal	8
Úlfsstaðir í Hálsasveit	7
Vellir á Kjalarnesi	2

Kortlagning og áætlanagerð.

Lokið var gerð ræktunaráætlana fyrir eftirtaldar jarðir árið 2005:

Í Borgarfjarðarsýslu:

Búrfell
Hvanneyri
Litli-Kroppur

Í Dalasýslu:

Lindarholt
Búðardalur I og II
Nýpur
Oddsstaðir
Sólheimar

Í Kjósarsýslu:

Vellir

Í Mýrasýslu:

Borgir (áður Haugar)
Einarsnes
Kárastaðir
Litla-Brekka
Lækjarbugur

Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:

Helgafell
Lýsudalur
Miklaholtssel
Þverá

Skráning gróðursetninga.

Á árinu voru allar gróðursetningar frá árinu 2005 færðar inná uppréttar stafrænar loftmyndir. Um er að ræða framlag Vesturlandsskóga til kolefnisbókhalds, svo skógrækt á bújörðum verði gjaldgeng á alþjóðavettvangi og út á hana fáist greiðslur fyrir bindingarkvóta, þegar þar að kemur. Gildir þá einu, hvort bóndinn eða ríkið fær kolefnisgreiðslurnar. Voru kortin/loftmyndirnar sendar Rannsóknastöð skógræktar, sem sér um kolefnisbókhaldið fyrir Íslands hönd. Starfsmenn Rannsóknastöðvarinnar, þeir Bjarki Þór Kjartansson og Arnór Snorrason, hafa með þessi mál að gera hjá rannsóknastöðinni.

Fyrirlestrar og námskeið; fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni.

Dagana 13. og 14. janúar sótti framkvæmdastjóri fund með framkvæmdastjórum annarra landshlutaverkefna í Reykjavík. Endaði fundurinn föstudaginn 14. með sameiginlegum fundi með sérfræðingum Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá, þar sem fjallað var um rannsóknastefnu og samskipti LHV við Rannsóknastöðina.

Starfsmenn sóttu fræðaðing landbúnaðarins í fundarsal Íslenskrar Erfðagreiningar og á Hótel Sögu dagana 3. og 4. febrúar. Þar var umfjöllun um kolefnisbindingu og skuldbindingar Íslendinga í kolefnismálum fyrirferðarmikil. Einnig var sagt frá úttekt á íslenskum skógum, áburðargjöf í skógrækt og viðhorfi almennings til skógræktar-og landgræðslustarfs.

Þann 5. mars sóttu Sigvaldi og Guðmundur ráðstefnu um ösp og asparrækt, sem haldin var í ráðstefnusal Íslenskrar Erfðagreiningar.

Skjólaskógar á Vestfjörðum stóðu fyrir ráðstefnu 16. og 17. mars, sem bar yfirskriftina “Nýja Bújörðin”. Þar var sjónum beint að samspili hefðbundins beitabúskapar og skógræktar.

Ráðstefnan var haldin á Núpi í Dýrafirði og sóttu Sigvaldi og Sigurður Freyr hana.

2. apríl sóttu Sigvaldi og Guðmundur aðalfund Félags skógarbænda á Vesturlandi (FsV). Þar hélt Sigvaldi erindi um gæði plantna.

Skjólsskógar á Vestfjörðum stóðu fyrir ráðstefnu í marsmánuði, sem bar yfirskriftina “Nýja Bújörðin”. Ráðstefnan var haldin á Núpi í Dýrafirði og sóttu Sigvaldi og Sigurður Freyr hana. Sigríður Júlía og Guðmundur Sigurðsson sóttu námskeið í heimasíðugerð dagana 11. -15. apríl. Vesturlandsskógar héldu grunnnámskeið undir yfirskriftinni “Upphaf Skógræktar” 22. apríl. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru: Friðrik Aspelund, Guðmundur Sigurðsson, Sigurður Freyr Guðbrandsson og Sigvaldi Ásgeirsson. Námskeið um skjólbeltarækt, “Skógur og skjól” var haldið á Hvanneyri 29. apríl og leiðbeinendur þar voru einnig starfsmenn Vesturlandsskóga og Friðrik Aspelund.

Dagana 19. og 21. júní sóttu starfsmenn Vesturlandsskóga ráðstefnu “Affornord” í Reykholti. Þar var fjallað um áhrif nýskógræktar á vistkerfi, landslag og byggðaþróun. Hægt er að fræðast um þessa ráðstefnu á heimasíðu Skógræktar ríkisins, <http://www.skogur.is>

Dagana 4. til 5. júlí fóru starfsmenn Vesturlandsskóga í heimsókn til starfsmanna Skjólsskóga á Vestfjörðum og hittust þá á Brjánslæk starfsmenn allra landshlutaverkefnanna (LHV). Farið var um Vestur-Barðastrandarsýslu og skoðuð skógrækt heimamanna þar, en gist í Breiðavík.

11.-12. júlí var áðurumtöluð ferð með stjórnnum Vesturlandsskóga og FsV um Dalasýslu.

15. ágúst var haldið Sveppanámskeið í Skorradal, þar sem leiðbeinandi var Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur á Norðurlandssetri Náttúrufræðistofnunar.

Í nóvember voru haldnir 4 kynningarfundir um Grænni Skóga á jafn mörgum stöðum – eða: á Hvanneyri, í Breiðabliki, Dalabúð og í Fólkvangi. Samtals komu á fundi þessa 32 skógaræbændur.

Guðmundur Sigurðsson sótti trúnaðarmannafund FÍN í Reykjavík 2. desember.

Sigvaldi aðstoðaði við úttekt á skógarfurutilrauninni á Vilmundarstöðum.

Grænni skógar á Vesturlandi.

Haustið 2005 var undirritaður samningur milli Vesturlandsskóga og Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) um námskeiðaröðina Grænni skóga á Vesturlandi. Grænni skógar á Vesturlandi er heiti á skógræktarnámi, sem ætlað er öllum skógaræbendum á Vesturlandi. Námið samanstendur af 19 námskeiðum, þar af 13 sem skylda er að taka (80% mætingarskylda). Fyrstu námskeiðin voru haldin haustið 2005. Ráðgert er að námskeiðaröðinni ljúki vorið 2008. Haldnir voru fjórir kynningarfundir um Grænni skóga í nóvember, ásamt kynningu á Vesturlandsskógum, á eftirtöldum stöðum: Hvanneyri, Breiðabliki, Dalabúð og Fólkvangi.

Tvö námskeiðanna voru haldin haustið 2005. “Yfirlitsnámskeið” var dagana 25. og 26.

nóvember. Þar var kynnt á skipulag landnýtingar á bújörðum með skógrækt og skjólbeltarækt sem hluta af landnýtingunni. Kynntir voru þættir eins og landlæsi, landgerð og skógræktarskilyrði. Farið var yfir sögu og stöðu skógræktar á Íslandi. Leiðbeinendur voru:

Sigvaldi Ásgeirsson, Sigurður Freyr Guðbrandsson, Friðrik Aspelund og Guðmundur Sigurðsson. Síðara námskeiðið, “Trjátegundir”, var haldið dagana 9. og 10. desember. Fjallað var um

ættkvíslir og trjátegundir og hugtök þeim tengd. Gefið var yfirlit yfir útbreiðslu náttúrulegra skóga og gerð grein fyrir reynslu af ræktun ýmissa tegunda vítt og breitt um landið. Leiðbeinandi var Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá. Farnar voru vettvangsferðir Skorradal í tengslum við bæði námskeiðin.

Alls eru 30 skráðir á námskeiðin. Af þeim mættu 19 á fyrra námskeiðið, en 28 á það síðara.

Nokkrir þátttakenda höfðu áður sótt sambærileg námskeið hjá Vesturlandsskógum.



Undirritun samnings um Grænni skóga á Vesturlandi, frá vinstri: Ágúst Sigurðsson, rektor LBHÍ; Skúli Alexandersson, formaður stjórnar Vesturlandsskóga; Þórunn Pétursdóttir frá Landgræðslu ríkisins; Birgir Hauksson frá Skógrækt ríkisins og K.Hulda Guðmundsdóttir, formaður FsV.



Á “Yfirlitsnámskeiði” í skógræktinni í Efri Hrepp.

Heimasíða Vesturlandsskóga.

Reynt var að uppfæra heimasíðu Vesturlandsskóga nokkuð reglulega. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir sér um heimasíðuna. Á meðan hún er í fæðingarorlofi sér Guðmundur Sigurðsson um heimasíðuna. Eru menn hvattir til að kynna sér efni hennar. Slóðin er: <http://www.vestskogar.is>

Gert í janúar 2007,

S.Á.

Viðauki I

Fundargerð 23. stjórnarfundar Vesturlandsskóga.

Haldinn í fundarsal skrifstofuhúsnæði Hvanna á Hvanneyri, föstudaginn 7. janúar 2005 .

Fundurinn hófst kl. 10.00. Mætt voru: Skúli Alexandersson formaður og stjórnarmennirnir Hulda Guðmundsdóttir, Birgir Hauksson, Trausti Tryggvason og starfsmenn Vesturlandsskóga þeir Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Styrkur til tilraunar Landbúnaðarháskólans og Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá. Samþykkt var að veita 280 þúsund kr. styrk í verkefnið til viðbótar flekkingu, sem þegar hefur verið greidd, að upphæð 26 þúsund kr.
3. Lokaafgreiðsla hugmyndasamkeppni um smíðagripi. Á síðasta fundi var gengið frá úthlutun fyrir fyrstu verðlauna fyrir minjagripi í flokki smágjafa, en beðið með að verðlauna veglegri gripi. Samþykkt að veita Philippe Ricart. fyrstu verðlaun í dýrari flokki fyrir klukku.
4. Sigvaldi lagði fram reikninga Vesturlandsskóga fyrir árið 2003 til kynningar, sem stjórnin undirritaði.
5. Sigvaldi kynnti fjárveitingar til Vesturlandsskóga fyrir árið 2005. Fjárveiting til Vesturlandsskóga verður kr. 62 milljónir, sem er aukning um 4,4 milljónir kr. frá árinu 2004. Að teknu tilliti til verðtryggingar milli ára skv. launavísitölu er raunhækkun kr. 900.000 eða 1,7%. Hins vegar er afgangur frá fyrri árum uppá samtals kr. 8,7 milljónir, sem bætist við ráðstöfunarfé á árinu 2005. Plöntupantanir vegna 2005 eru að raunvirði

10% meiri en vegna 2004. Ráðstöfunarfé gæti orðið 30,9% umfram það sem notað var 2004. Þetta hlutfall er þó lægra, ef tekið er tillit til verðhækkana, eða ca. 29,5%. Því stefnir í, að af því fé, sem er til ráðstöfunar umfram, það sem notað var á síðasta ári, muni um þriðjungur verða notaður á árinu 2005. Við getum m.ö.o. búist við, að afgangur í lok þessa árs verði nokkru meiri en í lok nýliðins árs. Þetta gefur tilefni til meiri hlutfallslegrar aukningar gróðursetningar milli 2005 og 2006, en verið hefur milli ára undanfarin ár.

6. Sigvaldi lagði til, að plöntupantanir geri ráð fyrir 22 % aukningu árið 2006, miða við árið 2005. Gert er ráð fyrir að um 770 þúsund plöntur verði keyptar 2006, sem er 22 % aukning milli ára. Mest verður aukið við birki eða úr 70.000 í 120.000 plöntur.
7. Skúli hvatti framkvæmdarstjóra til þess að efla kynningu verkefnanna á mikilvægi skógræktar og benti á að leita samstarfs við önnur verkefni og aðila innan skógræktargeirans.
8. Samþykkt var að kaupa fartölvu og skjá fyrir Sigríði, sem nýtist til kortavinnslu. Tölvan kostar kr. 232.800 með borðstöð, en skjárinn kr. 79.900. Windows XP Professional Works 7.0 stýrikerfi fylgir með tölvunni
9. Eftirfarandi tillaga frá stjórn LSE var lögð fram: *“Stjórn LSE beinir þeim tilmælum til stjórnna landshlutaverkefna í skógrækt, að þær kanni grundvöll þess hvort plöntuframleiðsla fyrir skógarbændur þurfi að fara í útboð. Þá vill stjórn LSE hvetja stjórnir landshlutaverkefnanna til að athuga þann möguleika að gera langtímasamning við sterka fagaðila, er hafi burði til uppbyggingar á frystigeymslum fyrir skógarplöntur.”* Fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að efla sterka fagaðila, sem verkefnið geti stólað á. Sigvaldi taldi að plöntuframleiðsla hafi almennt farið batnandi. Tillagan verður tekin fyrir á sameiginlegum fundi verkefnanna í mars.
10. Önnur mál. Sigvaldi gerði grein fyrir ráðstefnu á Hallormsstað, sem haldin var til heiðurs Sigurði Blöndal, áttæðum. Þar voru flutt mörg fróðleg erindi um skógrækt. Sigvaldi og Guðmundur sátu ráðstefnuna og einnig sóttu þeir kvöldverð til heiðurs Sigurði. Vesturlandsskógar gáfu Sigurði afmælisgjöf sem var píputroðari, tappatogari og bréfahnífur með handföngum með merki Vesturlandsskóga í skreyttri tréöskju. Gjöfin var unnin af Trausta Tryggvasyni, stjórnarmanni Vesturlandsskóga. Skúli spurðist fyrir um rannsóknavinnu í framhaldi af Laugaráðstefnunni sl. vetur. Sigvaldi upplýsti að ráðstefnan hefði vakið athygli og væru erindin aðgengileg á heimasíðu Mógilsár. Verið er að skoða með rannsóknaverkefni varðandi samspil skógræktar og fiskgengdar. Skúli óskaði eftir að tekið yrði saman yfirlit yfir ferðina um Borgarfjörð, sem stjórnarmenn fóru í sumar. Sigvalda falið að vinna að málinu. Samþykkt var að styrkja starfsmenn um kr. 1500 á mánuði til heilsuræktar í 6 mánuði á árinu 2005. Sigvaldi kynnti samning um skógarhandbók, sem landshlutabundnu verkefnið taka þátt í, ásamt Skógrækt ríkisins, Landgræðslunni og Garðyrkjuskólanum á Reykjum. Bókinni er ætlað að innihalda námsefni, sem ætlunin er að nota á námskeiðum verkefnanna, en hún á einnig að verða handbók fyrir aðra skógræktarmenn.

Fundi slitið kl. 12.15.

Guðmundur Sigurðsson fundarritari

Fundargerð 24. stjórnarfundar Vesturlandsskóga.

Haldinn í húsnæði landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti, mánudaginn 21. mars 2005 kl.

10:00 í tengslum við ársfund LHV.

Mætt voru: Birgir Hauksson, K.Hulda Guðmundsdóttir, Skúli Alexandersson og Trausti Tryggvason, auk Sigvalda Ásgeirssonar, sem var ritari fundarins.

1. Afgreiðslu fundargerðar 23. fundar var frestað til næsta fundar.
2. Ákveðið var, að fara í skoðunarferð um Dalasýslu í kringum 10. júlí (11. júlí er t.d. mánudagur). Með í för verði stjórnir Vesturlandsskóga og FsV, auk starfsmanna Vesturlandsskóga. Gist verði að Laugum í Sælingsdal. Fyrst verði þó hist að Erpsstöðum og komið við t.d. á Hrútsstöðum, Ási, Vígholtsstöðum og Magnússkógum á eigin bílum. Miðað er við, að komið verði að Laugum um kl. 18:30. Síðari daginn verði farið í rútu fyrir Klofning, um Fellsströnd, Skarðsströnd og Saurbæ, en endað aftur á Laugum. Komið verði á nokkrum stöðum, s.s. að Hvammi, Ytra-Felli, Grund, Ormsstöðum, þar sem Selma Kjartansdóttir bætist í hópinn og mun sýna okkur kirkjustaðinn Dagverðarnes, ekið framhjá Reynikeldu, kirkjan á Skarði skoðuð. Á leiðinni verði mönnum bent á jarðir, sem eru að koma inní Vesturlandsskóga. Heilsað uppá Steinólf í Ytri-Fagradal. Ferðinni eru gerð skil hér að ofan.
3. Samþykkt var, að skoða aðkomu Vesturlandsskóga að “Grænni Skógum”. Kjör vestlenskra skógarbænda verði söm og Vestfirðinga við námskeiðshaldið. Tekið verði tillit til þeirra námskeiða, sem vestlenskir skógarbændur hafa þegar lokið. Grunnnámskeið verði áfram haldin á vegum Vesturlandsskóga.
4. Formaður þakkaði framkvæmdastjóra fyrir skýrslu um ráðstefnuna í Póllandi (sjá vefsíðu Vesturlandsskóga), og var mælt til þess, að frkv.stj. skrifaði uppúr henni Mbl. grein.

Aðalfundur FsV verður haldinn að Glym þann 2. apríl kl. 13:30. Hulda vill hafa þar athöfn í tilefni af veitingu verðlauna fyrir smíðisgripi, helst þannig að blaðamaður(menn) verði viðstaddur.

Formaður sleit fundi kl. 10:50.

Kl. 19:00 var stjórnunum verkefnanna og framkvæmdastjórum boðið heim til Níelsar Árna í nýja Grafarholtshverfið í fordrykk og mat.

Ritað af Sigvalda Ásgeirssyni.

25. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

haldinn í Hvannahúsinu, Hvanneyri, föstudaginn 23. september 2005.

Mættir: Skúli Alexandersson, K.Hulda Guðmundsdóttir, Birgir Guðmundsson og Trausti Tryggvason, auk frkv.stj., Sigvalda Ásgeirssyni.

- 1. Fundargerð síðustu tveggja funda:** Fundargerð 23. fundar var samþykkt. Skúli las upp fundargerð 24. fundar og mæltist til að skrifuð yrði skýrsla um ferðina um Dalina. Skúli óskaði eftir því, að bætt yrði við fundargerðina frásögn af ferðinni í Dagverðarnes. Samþykkt með þeirri breytingu.
- 2. Undirritun samnings um þátttöku Vesturlandsskóga í námskeiðaröðinni Grænni Skógum.** Athöfnin fór vel fram. Eftirtaldir rituðu nöfn sín undir samninginn: Ágúst Sigurðsson, fh. LBHÍ; Birgir Hauksson, fh. Skógræktar ríkisins; K.Hulda Guðmundsdóttir, fh. FsV; Skúli Alexandersson, fh. Vesturlandsskóga og Þórunn Pétursdóttir, fh. Landgræðslu ríkisins.
- 3. Ársreikningur Vesturlandsskóga skoðaður.** Frkv.stj. falið að árita reikninginn.
- 4. Endurskoðun laga um landshlutabundin skógræktarverkefni.** Sigvaldi reifaði málið, sem unnið hefur verið að í vinnuhópi, sem samanstendur af framkvæmdastjórum LHV eða staðgenglum þeirra, tveimur fulltrúum frá LSE, fulltrúa ráðuneytisins (Níels Árni Lund) og fulltrúa Skógræktar ríkisins (Þróstur Eysteinnsson), sem jafnframt stjórnaði verkinu. Stjórnir verkefnanna munu að sjálfsögðu fá málið til umsagnar.
- 5. Ósk FsV um stuðning við: - a) Árlegan skógardag.** Samþykkt að koma að (vonandi) árlegri skógargöngu í framtíðinni með FsV, ungmennasamböndum, skógræktarfélagum og Skógrækt ríkisins. Sigvalda og Guðmundi falið að hafa samband við viðkomandi aðila. - **b) Lesið í skóginn.** Bíður næsta fundar. - **c) Aðalfundur LSE.** Reikning uppá kr. 54.000 vegna hádegisverðar greiddu Vesturlandsskógar. Þegar FsV hefur gert fundinn upp, gæti komið beiðni um stuðning umfram þessar 54.000 króna.
- 6. Ósk frá “Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs” um 250.000 króna styrk til gróðursetningar ca. 15.000 plantna við rætur Vífilfells.** Samþykkt að hafna beiðninni.

7. **Ósk bæjarstjórnar Grundarfjarðar um þátttöku Vesturlandsskóga í skógrækt í upplandi bæjarins.** Vísað til S.Í., en mögulegt að hafa milligöngu um flekkingu.
8. **Um útboðsskyldu framleiðslu skógarplantna.** Kynnt var bréf frá Fjármálaráðuneytinu, þar sem tekin eru af öll tvímæli um það, að plöntuframléiðslan sé útboðsskyld.
9. **Erindi frá Rannsóknastöðinni á Mógilsá um stuðning við verkefnið “Betri tré”.** Samþykkt að verða við erindinu og styðja verkefnið með kr. 180.000.
10. **Nýr samningur Vesturlandsskóga um rekstarleigu á bíl.** Stjórnin lýsti samþykki sínu við leigu á bílnum.
11. **Önnur mál.** Rætt var um, hvernig hægt væri að efla eftirlit með ræktuninni. Samþykkt að bjóða út framleiðslu á ösp og runnum til skjólbeltaræktar. Samþykkt að senda stjórnarmönnum allar fundargerðir Vesturlandsskóga í endanlegri mynd. Ákveðið að halda næsta fund einhvern fimmtudag í nóvember kl. 14:00.

Formaður þakkaði mönnum fundarsetuna og sagði fundi slitið.

26. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

haldinn í Hvannahúsinu, Hvanneyri, fimmtudaginn 1. desember 2005.

Mættir: Stjórnarmennirnir Hulda Guðmundsdóttir, Birgir Hauksson og Guðmundur Þorsteinsson, sem varamaður Trausta Tryggvasonar, Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdarstjóri, sem stýrði fundi og Guðmundur Sigurðsson, sem ritaði fundargerð. Skúli Alexandersson, formaður, boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Grænni skógar á Vesturlandi. Sigvaldi gerði grein fyrir gangi verkefnisins. Þátttakendur eru 30 í verkefninu. Eitt námskeið hefur verið haldið og mættu 22 á það. Næsta námskeið verður haldið 9. og 10. desember. Starfsmenn voru hvattir til að koma á framfæri fréttum af námskeiðunum. Hulda lýsti sérstakri ánægju, fyrir hönd Félags skógarbænda á Vesturlandi, með að Grænni skóga námskeiðin væru orðin að veruleika á svæði Vesturlandsskóga.
3. Endurskoðun laga um landshlutabundin skógræktarverkefna. Sigvaldi gerði grein fyrir þeirri vinnu sem hefur verið í gangi. Eftirfarandi ályktum var samþykkt: “Stjórn Vesturlandsskóga óskar eftir því við Landbúnaðarráðherra, að stjórnir landshlutabundinna skógræktarverkefna (LHV) fái að segja álit sitt á drögunum að frumvarpi til laga um landshlutabundin skógræktarverkefni, áður en þau verða að frumvarpi”. Sigvalda var falið að koma þessari ályktum til hinna verkefnanna.
4. Ósk nemenda Landbúnaðarháskólans um fjárhagslegan stuðning vegna kaupa á tækjum til líkamsræktar. Stjórnin hafnaði beiðninni.
5. Útboð á skógarplöntum fyrir framleiðslu á skógarplötum ársins 2007 (og hluta 2008). Samþykkt var að leita eftir útboði í vetur á runnum, og lauftrjám öðrum en birki. Varðandi ræktun á plöntum af fræi sem Sigvaldi safnaði í haust var samþykkt að leita eftir samningum við gróðrarstöðvar um framleiðslu þeirra. Sigvaldi ásamt þremur öðrum safnaði allmiklu magni af fræi í haust af lindifuru, fjallapöllum og gráelri.
6. Önnur mál:

Rætt var um fyrirgreiðslu til verkefnisins “lesið í skóginn” samanber framlagt erindi á síðasta fundi. Samþykkt var að bíða með frekari afgreiðslu.
 Rætt var um hvort birta eigi stjórnarfundargerðir á heimasíðu Vesturlandsskóga. Ákveðið var að ræða það á næsta fundi stjórnar. Samþykkt var að vinna að úttekt á árangri gróðursetninga á vegum Vesturlandsskóga í samstarfi við hin verkefni. Samþykkt var að ræða það á næsta fundi. Samþykkt var að senda jólakveðju til skógarbænda sem eru í Vesturlandsskógum í ríkisútvarpið

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 17.00

 Guðmundur Sigurðsson
 fundarritari

Viðauki II

Ársreikningur Vesturlandsskóga vegna ársins 2005.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2005

	Reikningur 2005	Reikningur 2004
Tekjur		
Sértekjur	899.605	288.861
Fjármunatekjur	459.303	651.593
Tekjur samtals	1.358.908	940.454
Gjöld samtals	70.741.018	57.407.964
Tekjur umfram gjöld ...	-69.382.110	-56.467.510
Framlag ríkissjóðs	62.300.000	57.800.000
Tekjuafgangur/-halli	-7.082.110	1.332.490

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Reikningur 2005	Reikningur 2004
Eignir		
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur – fyrirframgr.kostn.	19.958.928	10.793.861
Handbært fé	608.092	12.436.232
Veltufjármunir samtals	20.567.020	23.230.093
Eignir samtals	<u>20.567.020</u>	<u>23.230.093</u>

Skuldir og eigið fé

Höfuðstóll

Staða í ársbyrjun	5.145.060	3.812.570
Tekjujöfnuður ársins	-7.082.110	1.332.490
Höfuðstóll í árslok	-1.937.050	5.145.060
Eigið fé í árslok	-1.937.050	5.145.060

Langtímaskuldir voru engar hvorugt árið

Skammtímaskuldir

Skuld við ríkissjóð	7.737.590	11.515.323
Viðskiptaskuldir	14.766.480	6.569.710
Skuldir samtals	22.504.070	18.085.033
Eigið fé og skuldir	20.567.020	23.230.093

Sjóðstreymi árið 2005

	2005	2004
Rekstrarhreyfingar		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuafgangur/-halli	-7.082.110	1.332.490
<i>Veltufé frá rekstri</i>	<i>-7.082.110</i>	<i>1.332.490</i>

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur –lækkun/hækkun	-9.165.067	8.708.303
Viðskiptaskuldir –lækkun/hækkun	8.196.770	5.113.845